

Ed.

17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Stofna skal húsmæðraskóla í kaupstöðum, einn eða fleiri í hverjum, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og úr bæjarsjóði kaupstaðarins og þeim skilyrðum fullnægt, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, nr. 65 27. júní 1941, virðist gert ráð fyrir því, að aðeins einum húsmæðraskóla sé haldið uppi í hverjum kaupstað. Nú er það öllum kunnugt, sem þekkingu hafa á skólamálum, að húsmæðraskólar hafa þá sérstöðu, að nemendafjöldi er þar miklu takmarkaðri en í öðrum skólum, og eru til þess eðlilegar ástæður. Það hefur og komið í ljós, að Húsmæðraskóli Reykjavíkur getur ekki tekið við nema litlum hluta af þeim nemendafjölda, sem þar æskir inngöngu á hverju ári, og úr þessu verður ekki bætt með auknum húsa-kosti og fjölmennara kennaraliði við þann skóla, sem fyrir er. Eina úrlausnin er því að reisa þar nýjan húsmæðraskóla, og hefur bæjarstjórn lýst yfir vilja sínum til þess, og mun ekki standa á fjárframlagi þaðan. Það er og vitað, að mikill áhugi er um það meðal bæjarbúa, að betur verði séð fyrir húsmæðrafræðslunni í bænum en nú er.

Frv. þetta er flutt til þess fyrst og fremst að verða við þessum óskum og til þess að taka af öll tvímæli um það, að um hinn nýja skóla skuli fara eftir lögum nr. 65/1941. Það er og nauðsynlegt, að úr því sé skorið á ótvíræðan hátt, að til þess sé ætlað af Alþingi, að fleiri en einn húsmæðraskóli sé rekinn í stærstu kaupstöðum landsins.